SEÐLABANKI ÍSLANDS

10. mars 2021
*Tilv.: 2102218*

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, 184. mál.

Með tölvupósti, dags. 24. febrúar 2021, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, 184. mál, lagt fram á 151. löggjafarþingi.

Þingsályktunartillagan var áður flutt á 149. og 150. löggjafarþingi (292. mál) en náði ekki fram að ganga. Vísað er til umsagnar Seðlabanka Íslands á síðasta þingi, dags. 21. apríl 2020 (hjálögð).

Seðlabanki Íslands hefur komið þeirri skoðun sinni á framfæri við stjórnvöld að æskilegt sé orðið að gera breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þetta á ekki síst við um þá kafla laganna sem fjalla um hlutverk stjórna, sjálfstæði þeirra, hlutverk og hæfi stjórnarmanna, en auk þess er tímabært að endurskoða ýmsa aðra kafla laganna. Við slíka endurskoðun hlyti m.a. að verða horft til atriða sem reifuð eru í þingsályktunartillögunni.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

*Fskj.* Umsögn Seðlabanka Íslands dags. 21. apríl 2020